



FERÐAMÁLASAMTÖK ÍSLANDS

8. nóvember 2009

Fréttatilkynning frá Ferðamálasamtökum Íslands.

### Nýr formaður Ferðamálasamtaka Íslands

Unnur Halldórsdóttir var kjörin nýr formaður Ferðamálasamtaka Íslands á nýafstöðum aðalfundi samtakanna sem var haldinn á Akureyri 3.- 4. nóvember sl. Tók hún við af Péttri Rafnssyni sem gegnt hefur formennsku 12 undanfarin ár. Voru Péttri færðar þakkir á fundinum fyrir hans góðu störf. Unnur sem nú á og rekur Hótel Hamar í Borgarfirði ásamt Hirti Árnasyni, rak m.a. áður Shell stöðina í Borganesi og var formaður Heimilis og skóla um árabíl. Unnur á því að baki langa reynslu bæði í ferðaþjónustu og félagsmálum.

Undanfarið hefur farið fram mikil endurskipulagning á málefnum ferðaþjónustunnar innan stjórnsýslunnar. Ferðamálin sem áður heyrðu undir Samgönguráðuneytið eru nú í nýju Atvinnumálaráðuneyti og markaðsstofur hafa verið settar á fót í öllum landshlutunum þar sem markvisst er unnið að heildrænni markaðssetningu hvers landshluta fyrir sig með megináherslu á ferðamálin.

Með þessu má segja að hlutverk Ferðamálasamtaka Íslands hafi breyst. Samtökin standa í raun á tímamótum. Mikilvægt er að efla markaðstofurnar og styrkja, kalla eftir umræðum um framtíðaaðarstefnu ferðamála, virkja grasrótina og vekja fólk í þjónustustörfum um vitundar um hversu víðtæk ferðaþjónustan er. Verkefni framundan eru því næg og til að sinna þeim með formanni og stjórn hefur nýr starfsmaður verið ráðinn, Eva Úlla Hilmarsdóttir.

Töluverðar umræður urðu á fundinum m.a. um gjaldtöku á ferðamannastöðum og hvernig standa ber að uppbyggingu og umhirðu á þeim um gæðamál, menntun, grasrótarstarfið og margt fleira.

Allar spár benda til að árið 2020 verðir ferðamenn á Íslandi orðnir yfir ein milljón á ári. Við höfum tíu ár til undirbúa komu þessara gesta.

### Ályktanir frá aðalfundi FSÍ

Stjórn FSÍ leggur til við aðalfund FSÍ haldinn á Akureyri 3.- 4. nóvember 2009 að afhenda vefþjónustukerfi, sem FSÍ hefur kostað hjá hugbúnaðarfyrirtækinu IGM Atóm fyrir markaðsstofur landshlutanna, til Ferðamálastofu til eignar, varðveislu og þróunar. Stjórnin vonar að þessi ákvörðun leiði til farsællar þróunar á samstarfi markaðsstofa landshlutanna og Ferðamálastofu og auki öryggi og auðveldi upplýsingagjöf til erlendra jafnt sem innlendra ferðamanna um Ísland.

Aðalfundur FSÍ haldinn á Akureyri 3.-4. nóvember 2009 lýsir yfir mikilli ánægju sinni með þann góða árangur sem náðst hefur í ferðaþjónustunni á yfirstandandi ári. Þrotlaus vinna fjölda aðila við markaðssetningu og móttöku ferðamanna um allt land vegur þar þyngst. Aðalfundurinn skorar á Alþingi og ríkisstjórn að sjá til þess að fjármunir til markaðssetningar innan og utanlands verði ekki skornir niður í fjárlögum fyrir árið 2010. Vill aðalfundurinn sérstaklega benda þar á mikilvægi markaðsstofa landshlutanna. Öllum er ljóst í dag vaxandi mikilvægi ferðaþjónustunnar og þeirrar staðreyndar að engin önnur atvinnugrein hefur sömu möguleika til gjaldeyris- og atvinnusköpunar í framtíðinni, ef rétt er að málum staðið.

Nánari upplýsingar veita:

Eva Úlla Hilmarsdóttir / [evulla@ferdamalasangtök.is](mailto:evulla@ferdamalasangtök.is) / s: 844 5333

Unnur Halldórsdóttir / [hotelhamar@hotelhamar.is](mailto:hotelhamar@hotelhamar.is) / s: 866 6858